

Faggildingarsvið Hugverkastofu

16 524

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Faggildingsvið Hugverkastofu

kt. 520319-2120

Engjateig 3, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Faggildingarsvið Hugverkastofu er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs.

Faggildingarsvið er sjálfstætt starfandi svið innan Hugverkastofunnar og er starfsemi þess fjárhagslega aðgreint frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Faggildingarsvið ber einnig nafnið ISAC sem er skammstöfun á ensku heiti sviðsins, Icelandic Board for Technical Accreditation.

Helstu verkefni eru vegna faggildingar en sviðið hefur einnig það verkefni að meta tilnefnda aðila og annast málefni er lúta að reglum OECD um góðar starfsvenjur við rannsóknir (GLP).

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 7 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Samanburðartölur eldra árs eru frá fjárlagalið 04-252.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 63,3 milljónir og afkoma kr. 16,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 21,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 29,6 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Faggildingarsviðs Hugverkastofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Faggildingarsviðs Hugverkastofu fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Borghildur Erlingsdóttir
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	44.900.000	32.900.000
Aðrar tekjur		13.829.196	10.013.294
Framlög og ýmsar tekjur	3	4.402.222	598.200
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	216.598	209.414
Tekjur samtals		63.348.016	43.720.908
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	28.292.866	26.598.691
Annar rekstrarkostnaður	5	18.537.957	13.850.808
Afskriftir	6	216.598	209.414
Gjöld samtals		47.047.421	40.658.913
Afkoma fyrir fjármagnsliði		16.300.595	3.061.995
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(3.217)	(5.695)
		(3.217)	(5.695)
Afkoma ársins		16.297.378	3.056.300

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		182.404	363.082
Fastafjármunir samtals		<u>182.404</u>	<u>363.082</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		6.891.262	1.255.150
Tengdir aðilar	8	21.702.192	14.848.423
Handbært fé	9	842.967	1.921.469
Veltufjármunir samtals		<u>29.436.421</u>	<u>18.025.042</u>
Eignir samtals		<u>29.618.825</u>	<u>18.388.124</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		21.887.378	7.938.961
Eigið fé samtals		<u>21.887.378</u>	<u>7.938.961</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		1.502.377	77.237
Ýmsar skammtímaskuldir	11	4.710.896	9.137.154
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	1.518.174	1.234.772
Skuldir samtals		<u>7.731.447</u>	<u>10.449.163</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>29.618.825</u>	<u>18.388.124</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		16.297.378	3.056.300
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	216.598	209.414
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(216.598)	(209.414)
		<u>16.297.378</u>	<u>3.056.300</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(5.636.112)	4.051.266
Tengdir aðilar		(8.738.650)	(12.810.431)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(3.001.118)	4.495.307
		<u>(17.375.880)</u>	<u>(4.263.858)</u>
		<u>(1.078.502)</u>	<u>(1.207.558)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(35.920)	(224.925)
		<u>(35.920)</u>	<u>(224.925)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		35.920	224.925
		<u>35.920</u>	<u>224.925</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(1.078.502)	(1.207.558)
		<u>1.921.469</u>	<u>3.129.027</u>
		<u>842.967</u>	<u>1.921.469</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	44.900.000	32.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	216.598	209.414
	45.116.598	33.109.414

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárukaölög	44.900.000	0	0	44.900.000
Fjárveiting til tekna	44.900.000	0	0	44.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(28.602.622)	0	0	(28.602.622)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	16.297.378	0	0	16.297.378

	2022	2021
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	4.402.222	598.200
	4.402.222	598.200

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	23.023.017	21.393.368
Orlof, breyting	(24.036)	304.564
Launatengd gjöld	5.253.885	4.820.759
Starfsmannakostnaður	40.000	80.000
	28.292.866	26.598.691

Meðalfjöldi stöðugilda	1,9	1,9
------------------------------	-----	-----

5 Annar rekstrarkostnaður

Ýmis tæki og áhöld	31.636	83.632
Matvæli	161.933	39.627
Almennar rekstrarvörur	0	1.681
Vörukaup, almenn	193.569	124.940
Fundir, námskeið, risna	2.451.984	1.205.545
Ferðir, uppihald	2.780.513	7.200
Akstur	67.092	0
Sérfræðiþjónusta	9.674.106	8.916.359
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	24.915	17.545
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	106.000	240.994
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	15.104.610	10.387.643
Afnotagjöld	39.778	138.225
Kostnaðarhlutdeild	3.200.000	3.200.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	3.239.778	3.338.225
Annar rekstrarkostnaður samtals	18.537.957	13.850.808

Skýringar

	2022	2021
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	216.598	209.414
	<u>216.598</u>	<u>209.414</u>
	31.12.2022	31.12.2021
7 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	182.404	363.082
	<u>182.404</u>	<u>363.082</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:		
	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2022	628.310	628.310
Viðbætur á árinu	71.840	71.840
Selt/úrelt á árinu	(35.920)	(35.920)
	<u>664.230</u>	<u>664.230</u>
Afskriftir 01.01.2022	265.228	265.228
Afskrift ársins	216.598	216.598
	<u>481.826</u>	<u>481.826</u>
Staða 31.12.2022	<u>182.404</u>	<u>182.404</u>
	31.12.2022	31.12.2021
8 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	21.702.192	14.848.423
	<u>21.702.192</u>	<u>14.848.423</u>
9 Handbært fé		
Tékkareikningar	842.967	1.921.469
	<u>842.967</u>	<u>1.921.469</u>
10 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	7.938.961	4.882.661
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(2.348.961)	0
Afkoma ársins	16.297.378	3.056.300
Jöfnuður 31.12.	<u>21.887.378</u>	<u>7.938.961</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
11 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	4.710.896	4.734.932
Önnur ógreidd gjöld	0	4.402.222
	<u>4.710.896</u>	<u>9.137.154</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	182.404	363.082
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	1.335.770	871.690
	<u>1.518.174</u>	<u>1.234.772</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	363.082	871.690	1.234.772
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	500.000	500.000
Bakfærð fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(35.920)	35.920	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	71.840	(71.840)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(216.598)	0	(216.598)
	<u>182.404</u>	<u>1.335.770</u>	<u>1.518.174</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 0,2 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekkur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.